

Malbikstöðin ehf.
Flugumýri 26
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 16.2.2023
UST202301-359/G.S.O.
08.08.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá frá 14. febrúar 2022 þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð eftir yfirferð á innsendum gögnum rekstraraðila vegna útblástursmælinga 2022.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 3.6 í starfsleyfi.** Losun ryks er margföld miðað við það sem leyfi er fyrir í starfsleyfi.
2. **Gr. 3.6 í starfsleyfi.** Losun PAH-efna er margföld miðað við það sem leyfi er fyrir í starfsleyfi.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa verið keyptir nýir síupokar í hreinsivirki í útblæstri og verður skipt um þá fljótlega með fulltrúa framleiðanda á staðnum til ráðgjafar. Þá verður hægt að fara í mælingar þegar malbikun hefst á ný og hægt verður að framleiða í 5-8 klst. án stöðvunar. Í næstu útblástursmælingum verður meðal annars mælt rykmagn í útblæstri og PAH gildi.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti. Frestur til að skila útblástursmælingum er veittur til og með 1. júní 2023.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Gottskálf Friðgeirsson

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur